

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Jakobs 58 Hálfánarsonar,« útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 7. 7. apríl apríl 1908.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir »Minningarsjóð Jakobs Hálfánarsonar«.

1. gr.

Samkvæmt ályktun á fulltrúafundi Kaupfélags Þingeyinga h. 20. júní 1906, er sjóður þessi stofnaður með 1000 króna höfuðstóli, er fjelagið veitir úr sjóði sínum, og skal hann eftir sömu ályktun heita:

»Minningarsjóður Jakobs Hálfánarsonar«.

2. gr.

Hinn upphaflega höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, skal hann vera á vöxtum frá 1. okt. 1906 að telja, á þann hátt og í þeim stað, er umsjónarmenn sjóðsins álíta fulltryggilegan.

3. gr.

Umsjón sjóðsins að því er snertir ávöxtu hans og reikningsskil skal vera í höndum þriggja manna, og skulu þeir þannig tilkjörnir:

1. Sjálfkjörnir til þess starfa skulu vera:
 - a. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og
 - b. alþingismaðurinn í Suðurþingeyjarsýslu.
2. Hinn þriðja kys jeg sjálfur meðan jeg lifi og er með fullu ráði. En að mjer fráfallnum eða í forfallum mínum kys Kaupfélag Þingeyinga þann mann til 3ja ára.

Sje svo ástatt, að hinir 2 fyrtöldu menn sjeu einn og sami maður, eða annarhvor eða báðir sjeu búsettir utan þeirra takmarka, sem til eru tekin í 5. gr., skal sýslunefndin í Suðurþingeyjarsýslu eða það sveitarráð, er síðar kann að hafa hennar núverandi störf á hendi, kjósa umsjónarmann eða menn í þeirra stað; svo og hinn þriðja manninginn, ef Kaupfélag Þingeyinga legst niður.

4. gr.

Bókhald og fjárreiður sjóðsins annast hinn síðasttaldi umsjónarmaður. Ársreikning sjóðsins, ásamt skýrslu um fjárveitingar skal hann senda hvers árs aðalfundi Kaupfélags Þingeyinga til eftirlita, eða, ef þess nýtur eigi við, sýslunefnd Suðurþingeyjarsýslu. Að því búnu skal birta reikninginn í opinberu blaði.

58

7. apríl.

Vöxtum sjóðsins skal verja árlega til þess að verðlauna þeim mönnum, körlum og konum, er sýnt hafa **frábæra fyrirhyggju, þrifnað og alúð við hirðu búfjár** fyrir húsbændur sína, hvort heldur vandamenn sína eða vandalaus, enda eigi þeir heima á svæðinu frá Jökulsá í Axarfirði að vesturtakmörkum Þingeyjarsýslu, eins og þau eru nú eða síðar verða.

6. gr.

Sá er öðlast vill verðlaun úr sjóðnum, skal sækja um þau skriflega til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, og skulu umsókn þeirri fylgja skrifleg meðmæli frá þeim, er skipaðir hafa verið hey- og fjárskoðunarmenn í hreppi umsækjanda, og skal vottorð þeirra um verðleik hans gefið uppá æru og trú. — Jafnframt skal og fylgja meðmæli frá húsbónda (hans) eða húsbændum þeim, er verkanna hafa notið. Heimilt sje að taka hjergreind meðmæli ein til greina, þó engin umsókn hafi komið frá viðkomanda sjálfum; en góðar ástæður liggja eigi að síður fyrir.

7. gr.

Kaupfjélag Þingeyinga, eða, ef þess nýtur ekki við, sýslunefnd Suðurþingeyjarsýslu, kýs árlega mann til þess að hafa á hendi, ásamt sýslumanni, úthlutun verðlaunanna. Hærrí laun má eigi veita einum manni í senn en kr. 25,00 og eigi lægri en 5 krónur. Þessum tölum má þó fulltrúaráð Kaupfélags Þingeyinga eða sýslunefnd breyta, ef ástæður til þess koma fram.

Hverri verðlaunaveitingu skal fylgja skrautprentað skirteini; skulu þegar gjörð eyðublöð fyrir það á kostnað sjóðsins. — Eigi má breyta orði eða innihaldi þessa skirteinis eins og jeg nú legg það fram.

8. gr.

Þegar sýslumanni hafa borist umsóknarskjöl um verðlaun, skal hann við fyrsta tækifæri tilkynna það hinum kjörna meðdómanda sínum. Þær umsóknir, sem liggja fyrir hinn 1. júlí ár hvert, skulu úrskurðast og verðlaun, ef þeim náir, afgreiðast fyrir lok sama árs. Umsóknir innkomnar frá 1. júlí til jafnlengdar sjeu allar jafnrjettmætar, hvenær á því tímabili sem þær koma. Nú er sá horfinn burtu, sem verðlaun eru tildæmd, og falla þau þá niður, nema sýslumaður hafi, eða fái fyrir 1. júlí næsta árs, fulla sönnun fyrir heimilisfangi hans í Norðlendingafjórðungi.

9. gr.

Ef enginn sækir um verðlaun úr sjóðnum eða ekki þykja næg skilríki fyrir hendi til þess að umsækendum sjeu veitt verðlaun, eða ekki þykir ástæða til að veita alla vextina um sinn, leggjast þeir við höfuðstólinn.

Nú sækja annað árið fleiri um verðlaun og með betri skilríkjum, má þá **58** taka helming hinna geymdu vaxta til verðlaunaveitinga ásamt síðustu ársvöxtum, **7. apríl.** en hinn helmingurinn skal liggja við höfuðstólinn.

Húsavík, hinn 10 apríl 1907.

J. Hálfðánararson.

Fylgiskjal:

Heiðrað . . . N. N.!

Þetta brjef með lítilli sendingu vottar þjer heila þökk og heiður fyrir dygga vinnu að umhirðu búfjár. Ljóst sje og verði það sem flestum, að sá starfi hefir ómetanlegt gildi fyrir þrif og menningu þjóðar vorrar. Vel sje ávalt þjer og öðrum þeim, sem með alúð ástunda hið sama.

Jakob Hálfðánarson.

Tileinkað 19 . .

N. N.

N. N.

Reikningur

59

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands
árið 1907.

Tekjur:

1. Sjóður við árslok 1906:	
a. Veðskuldabryef	kr. 330160 24
b. Lán til prestakalla	— 3535 00
c. Skuldabryef Reykjavíkur	— 500 00
d. Vextir 1906, ógreiddir	— 166 97
	flyt <u>kr. 334362 21</u>